

Umhverfisstofnun
Áb. BS
14 MARS 2008
54.50
Tilv. UST20080200199

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 14. mars 2008


Tilvísun: UST20080200199/bs


Vatnsveituframkvæmdir í Snæfellsbæ

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. febrúar sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun óskar frekari skýringa varðandi eftirafarandi atriði:

1. Er mögulegt að taka einungis vatn úr lindum austan við austustu hrauntingu Skarðshrauns? Er mögulegt að taka vatn með öðrum hætti t.d. úr borholum sem fæli í sér að ekki þyrfti að raska austustu hrauntingu Skarðshrauns? Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Allar framkvæmdir í hrauninu munu valda óafturkræfum og neikvæðum áhrifum. Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis nr. 223 á náttúruminjaskrá. Verndargildi þess svæðis er m.a. talið felast í eldstöðvum og hrauni frá nútíma.
2. Gera ætti grein fyrir hvar efni til slóðagerðar verður tekið og hvað átt er við með viðurkenndum námum. Einnig vantar upplýsingar um efnismagn..

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson


Guðríður Þorvarðardóttir